

Lárus Ingi Antonsson, Andrea Ýr Ásmundsdóttir, Skúli Gunnar Ágústsson og Veigar Heiðarsson frá GA og Amanda Guðrún Bjarnadóttir frá GHD voru í Portúgal 7-17.febrúar og tóku þar þátt í tveimur 54 holu mótum á vegum Global Junior Golf. Með þeim í ferðinni var undirritaður sem fararstjóri og þjálfari.

Flogið var til Lissabon og þurftum við að keyra í 30 mínútur til þess að komast í íbúðina sem við vorum búin að leigja. Frá íbúðinni á golfsvæðið var um 8-9 mínútna keyrsla. Við vorum staðsett í Sintra, sem er bær utan við Lissabon og virtist vera fullur af sögu og menningu. Því miður gafst okkur ekki mikill tími til þess að skoða Sintra mikið þar sem við vorum daglangt á golfsvæðinu en íbúðin var staðsett nálægt miðbænum og við röltum aðeins þar um þegar við leituðum að matsölustöðum í nágrenninu. Það var svo kastali frá tímum mánanna sem við sáum frá íbúðinni okkar og var hann lýstur upp á hverju kvöldi sem var nokkuð tilkomumikil sjón.

Penha Longa Golf Resort heitir svæðið sem hélt mótin og völlurinn sem keppt var á heitir Atlantic Course og var hannaður af Robert Trent Jones Jnr og Portugal Masters sem er hluti af European Tour hefur verið haldið á þessum velli nokkrum sinnum. Völlurinn er í fallegu umhverfi og krefst nákvæmni af teig, nóg er af trjám og brautarbönkerum og flatirnar voru í mjög góðu standi. Brautirnar voru blautar, ekkert rúll á brautum, og því spilaðist völlurinn lengri en venjulega.

Eins og áður sagði var flogið út 7.febrúar, tekinn æfingahringur 8.febrúar og keppt í fyrra mótinu, The Portuguese Intercollegiate Open, 9-11.febrúar.

Leikið var af hvítum teigum í 21 árs og yngri flokk stráka, 5926 metrar á lengd. 21 árs og yngri stúlkur léku af bláum teigum sem voru 5400 metrar á lengd. Þess má geta að Skúli og Veigar eru 13 ára en þar sem ekki var næg þáttaka í 14 ára og yngri þá þurftu þeir að keppa á hvítum teigum í þessu móti.

Lagt var upp með að þetta mót yrði notað til þess að koma sér í leikform og vinna vel í því sem betur mætti fara hjá hverjum og einum eftir hvern keppnishring.

Úrslit voru eftirfarandi:

21 árs og yngri strákar, 65 þátttakendur. Sigurskorið var 2 undir pari.

Lárus Ingi Antonsson í 36-38.sæti. Skor 80-82-80 eða 26 högg yfir pari.

Skúli Gunnar Ágústsson í 56-57.sæti. Skor 84-84-91 eða 43 högg yfir pari.

Veigar Heiðarsson í 63.sæti. Skor 95-86-90 eða 55 högg yfir pari.

21 árs og yngri stúlkur, 21 þáttakandi. Sigurskorið var 11 yfir pari.

Amanda Guðrún Bjarnadóttir í 4.sæti. Skor 79-77-83 eða 23 yfir pari.

Andrea Ýr Ásmundsdóttir í 10-12.sæti. Skor 82-87-85 eða 38 yfir pari.

12.febrúar tókum við svo frídag frá æfingum og skruppum til Lissabon þar sem farið var í stærsta verslunarkjarna evrópu í smá stund og þaðan farið í sædýrasafn.

13.febrúar var tekin æfingahringur og góð æfing.

14-16.febrúar var svo mótið Atlantic Youth Trophy.

Leikið var á sama velli af sömu teigum nema að núna var búið að bæta við 14 ára og yngri flokki sem leikin var af gulum teigum sem voru 5512m á lengd.

Úrslit voru eftirfarandi:

21 árs og yngri strákar, 64 þáttakendur. Sigurskorið var 2 yfir pari.

Lárus Ingi Antonsson í 14-15.sæti. Skor 77-74-77 eða 12 högg yfir pari.

21 árs og yngri stúlkur, 21 þáttakandi. Sigurskorið var 6 yfir pari.

Andrea Ýr Ásmundsdóttir í 5.sæti. Skor 79-77-81 eða 21 yfir pari.

Amanda Guðrún Bjarnadóttir í 7.sæti. Skor 78-83-81 eða 26 yfir pari.

14 ára og yngri drengir, 6 þáttakendur. Sigurskorið var 18 yfir pari.

Skúli Gunnar Ágústsson í 1.sæti. Skor 80-78-76 eða 18 högg yfir pari.

Veigar Heiðarsson í 2.sæti. Skor 77-79-79 eða 19 högg yfir pari.

Veitt voru verðlaun fyrir eftirfarandi flokka í þessum tveimur mótum: 19-21 árs kk og kvk, 17-18 ára kk og kvk og svo 14 ára og yngri kk í seinna mótinu.

Heilt yfir var þetta mjög góð ferð og gaman að prófa að fara svona snemma á árinu og taka keppnis- og æfingaferð. Skúli og Veigar voru að fara í sína fyrstu keppnisferð erlendis en hinir aðilarnir eru með meiri reynslu í keppni erlendis. Öll fundu þau eitthvað sem þau geta verið ánægð með í sínum leik og eitthvað sem má verða betra til þess að taka sinn leik á hærra plan. Framundan er svo æfingaferð til Spánar, nánar tiltekið Novo Sancti Petri, í apríl. Þar verða um 17-18 iðkendur og báðir þjálfarar klúbbsins ásamt nokkrum foreldrum.

Heiðar Davíð Bragason,
Yfirþjálfari GA.